Minnisblað

| | | |
|---|---|---|
| Tilvísun: | 1531316-000-CMO-0001 | 4.3.2021 |
| Til: | Akraneskaupstaður | |
| | Sigurður P. Harðarson | |

Efni: **Samantekt vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Skógarhverfi 3.áfangi A**

Akraneskaupstaður í samstarfi við Veitur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu áformar að fara í framkvæmdir við gatnagerð, yfirborðsmótun og veitur í skipulagsáfanganum Skógarhverfi 3A. Þessi áfangi tengist við göturnar Álfalund og Akralund í 2.áfanga Skógarhverfis.

Markmiðið er að gera íbúðarlóðir í deiliskipulagsáfanga Skógarhverfi 3. áfangi A, hæfar til bygginga. Mikil eftirspurn er eftir sérbýlislóðum á Akranesi, og eru engar lóðir lausar til úthlutunar. Í þessum áfanga eru 6 lóðir fyrir raðhús á 1 og 2 hæðum, alls 31 íbúð, og 8 lóðir fyrir einbýlishús. Í áfanganum eru um 480 m af íbúðargötum, 400 m af opinni vatnsrás, 700 m af gönguleiðum með götum, og um 900 m af stígum utan gatna. Götur eru allar 6,0 m breiðar í þessum áfanga og er hámarkshraði 30 km/klst eins og í öllu Skógarhverfi.




**Mynd 1 - Skipulagsáfangi Skógarhverfi 3A.**

Efnisþörf vegna framkvæmdar er áætluð þannig að uppgröftur vegna gatna er um 25.000 $m^3$ og uppgröftur vegna ofanvatnsrásar er um 2.500 $m^3$, sem hvoru tveggja er að mestu fluttur á jarðvegstipp Akranesbæjar. Fyllingar í götur eru um 35.000 $m^3$, sem teknar verða úr viðurkenndum efnisnámum.

Verkið verður framkvæmt að hluta á árinu 2021, og að fullu lokið fyrir lok sumars 2022.

Verkið fellur að gildandi skipulagsáætlunum og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúrufyrirbrigði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun verkkaupi bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sýnt á meðfylgjandi skipulagsteikningu og yfirlitsteikningu verkframkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Lárus Ársælsson

Starfstöðvastjóri, byggingarverkfræðingur MS, VFÍ

Meðfylgjandi:

- Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfanga A, samþykkt dags. 10.11.2020
- Yfirlitsteikning verkframkvæmdar, dags. 19.2.2021

# DEILISKIPULAG SKÓGAHVERFIS - ÁFANGI 3A

Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið

N

MKV. 1:1.000







Aðalskipulag Akraness 2005-2017 með tillögu að aðalskipulagsbreytingu (maí 2020).




Áfangaskipting Skógahverfis

## Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Raðhús/parhús
- Einbýlishús
- Veitumannvirki
- Byggingarreitur

Skilmálalykill: Húsgerð, hæðafjöldi | Fjöldi íbúða / Nýtingarhlutfall | Flatarmál lóðar

| | |
|---|---|
| E | Einbýlishús |
| R | Raðhús/parhús |
| B | Opið bílskýli |
| S | Veitumannvirki |
| I/II/III | Hæðafjöldi |

- Kvöð um garðaaðgengi
- Samgöngukerfi: Akbraut, Bílastæði, Hraðahindrun, Gangstétt, göngustígur, Útivistarstígur, Hjólabraut
- Opið svæði
- Lækjarfarvegur / blágrænar ofanvatnslausnir
- Skýringarlínur, grunnkort

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010
frá 28.8.2020 til 20.10.2020
var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann 2. nóvember 2020
og í bæjarstjórn Akraness þann 10. nóvember 2020

Sævar Freyr Þráinsson (sign)
bæjarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda
30. desember 2020.

Breyting eftir auglýsingu:

- 35 m² lóð fyrir dreifistöð raforku vestan götu á austurjaðri skipulagssvæðisins.

Lagfæringar til samræmis við gatnahönnun og útfærslu blágrænna ofanvatnslausna 20.2.2021:

- Opið svæði fyrir vatnsfarveg og útivistarsvæði er breikkað um 6 m til norðausturs og stækkar skipulagssvæðið sem því nemur. Skipulagsdrög áfanga 3C uppfærð til samræmis.
- Gerð er nánari grein fyrir settjörnum og göngustígum um svæðið meðfram vatnsfarvegi.
- Gangstétt og bílastæði við Álfalund eru færð suður fyrir akbrautina.
- Veglína Skógarlundar er einfölduð og eru lóðamörk aðliggjandi lóða löguð til samræmis.

Lagfæringarnar eru óverulegar og varða ekki aðra hagsmunaaðila en Akraneskaupstað. Þær eru færðar inn á skipulagsuppdrátt til þess að gæta samræmis milli deiliskipulags og hönnunar.

Eftirtalin gögn eru hluti þessa deiliskipulags:

- Deiliskipulagsgreinargerð dags. 10.11.2020
- Skýringaruppdráttur dags. 10.11.2020, uppfærður 20.1.2021.
- Deiliskipulagsrammi Skógarhverfis, dags. júlí 2020 er fylgiskjal með deiliskipulaginu.

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is www.teikna.is

Skógahverfi, Akranesi. Áfangi 3A

Deiliskipulagsuppdráttur
uppfærður uppdráttur

VERK 18-480
BLAÐ 03

HANNAÐ ÁÓ, LF | TEIKNAÐ ÁÓ, LF | DAGS. 12.11.2020, 20.1.2021
KVARÐI 1:1.000 Blaðstærð A1 | BREYTT




SKÝRING

VERKMÖRK GATNA OG OFANVATNSRÁSAR

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 0.5 | 19.02.2021 | Í VINNSLU | BÓ | SB | |

VERKKAUPI: Akraneskaupstaður

HÖNNUÐUR: MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)

HEITI VERKS: SKÓGARHVERFI 3A
-
300 - AKRANES

HEITI TEIKNINGAR: GATNAGERÐ
YFIRLITSMYND

| VERKNÚMER | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 1.531.316 | 1:1000 | A2 |

| TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|
| 1531316-V01-CDR-0010 | 0.5 |

TÖLVUSKRÁ: C:\Mannvit\1\531\1.531.316\05\Gatnaútboð Skóg 3A - Teikningar.dgn